

Náttúrustofa Norðausturlands
Hafnarstétt 3
640 Húsavík

11. júní 2019
UST201905-299/P.V.B.
09.04.00

Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi - Flatey í Breiðafirði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Náttúrustofu Norðausturlands, dagsett 24. maí 2019, um leyfi til að fara um friðlandið í Flatey vegna fuglarannsóknna.

Flatey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 47/1975. Öll umferð um friðlandið er óheimil á tímabilinu 15. apríl til 15. ágúst nema með leyfi ábúenda í umboði Umhverfisstofnunar. Bannað er að raska gróðri og trufla dýralíf á svæðinu, bæði á landi og í fjöru.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða einn aðila á vegum Náttúrustofu Norðausturlands sem er í fuglatalningu. Rannsóknarsvæðið er bundið við flæðamál og tjarnir. Athuganir taka 1 dag um miðjan júní 2019.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun leitaði umsagnar landeigenda þann 7. júní 2019 fyrir verkefninu. Lögðust þeir ekki gegn því að leyfið yrði veitt.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur umrætt rannsóknarverkefni líklegt til að hafa jákvæð áhrif á verndargildi svæðisins og er vísindalegt gildi þess mikið.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Náttúrustofu Norðausturlands fyrir sitt leyti leyfi til fuglatalningar innan friðlandsins í Flatey sbr. lýsingu hér að ofan í júní 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær farið verður um svæðið með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á svæðinu eins og kostur er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000. Halda skal truflun dýralífs í lágmarki.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
teymisstjóri

Edda Kristín Eiríksdóttir

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur